

Jón Prándur Stefánsson

Frá: Sigfús Ólafur Guðmundsson <sigfusolafur@skagafjordur.is>
Sent: föstudagur, 12. apríl 2024 08:32
Til: Matvælaráðuneyti; Jón Prándur Stefánsson
Efni: RE: Skagafjörður - Hofsós - Sauðarkrókur - Úthlutun byggðakvóta 2023/2024
Viðhengi: Sveitarstjórn Skagafjarðar - 26.pdf

Sæll Jón Prándur,

Tilvísun í mál: MAR23110193

Meðfylgjandi er bókun sveitarstjórnar Skagafjarðar vegna breytinga sérreglna byggðakvóta fyrir Skagafjörð fiskveiðiárið 2023-24. Breytingarnar fela í sér uppfært orðalag á 1. másl. 6. gr. reglugerðarinnar og verður „Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. September 2023 til 31. Ágúst 2024.“

16. Úthlutun byggðakvóta 2023-2024 - 2312020

Sveitarstjórn leggur til eftirfarandi breytingar á reglugerð nr. 849/2023 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2023/2024 í sveitarfélaginu Skagafirði:

1. Nýtt ákvæði 4. greinar reglugerðarinnar verður (nýr másl. bætist við 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar) svohljóðandi: "Hámarksúthlutun fiskiskipa yfir 50 brúttótonnum af því aflamarki sem fallið hefur innan viðkomandi sveitarfélags verður 10 þorskigildistonn á skip."

2. Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: "Afli sem landað er í byggðarlagi úr fiskiskipum sem ekki eru skráð innan viðkomandi sveitarfélags, telst ekki

399

26. fundur sveitarstjórnar
10.04.2024

til landaðs afla samkvæmt 1. mgr. "

3. Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: "Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðarkvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2023 til 31. ágúst 2024. "

Borið upp til afgreiðslu sveitarstjórnar og samþykkt með níu atkvæðum.

Undirrituð fundagerð er í viðhengi við þennan póst og má finna á bls 399 – 400.

kveðja



Skagafjörður

Sigfús Ólafur Guðmundsson

Verkefnastjóri í atvinnu-, menningar- og kynningarmálum

455-6170

sigfusolafur@skagafjordur.is

Ráðhúsinu 550 Sauðárkróki Sími: (+354) 455 6000 Fax: (+354) 455 6001 www.skagafjordur.is

From: Sigfús Ólafur Guðmundsson

Sent: þriðjudagur, 9. apríl 2024 14:12

To: 'Jón Þrándur Stefánsson' <jon.stefansson@mar.is>

Subject: RE: Skagafjörður - Hofsós - Sauðarkrókur - Úthlutun byggðakvóta 2023/2024

Sæll aftur Jón Þrándur,

Þegar að ég les sérreglurnar okkar betur yfir sé að fyrir mistök vantar tvö orð í 6 gr. sem eru mjög mikilvæg fyrir okkur. Í sérreglum sem við sendum inn stóð: "Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta innan sveitarfélagsins" en á að vera „Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins...“.

Það var ekki meingin hjá sveitarstjórn að afnema vinnsluskyldu heldur aðeins að breyta orðalagi úr byggðalagi yfir í sveitarfélag til að gera bátum kleyft að landa afla sínu óháð höfn innan sveitarfélags.

Í viðhengi er uppfært skjal þar sem þessar breytingar hafa verið settar inn. Það er sveitarstjórnarfundur hjá okkur á morgun og því möguleiki að sveitarstjórn uppfæri bókun sína fyrir sérreglurnar sé þess þörf af ykkar hálfu?

Getur þú gert þessar breytingar fyrir okkur?

kveðja



Skagafjörður

Sigfús Ólafur Guðmundsson

Verkefnastjóri í atvinnu-, menningar- og kynningarmálum

455-6170

sigfusolafur@skagafjordur.is

Ráðhúsinu 550 Sauðárkróki Sími: (+354) 455 6000 Fax: (+354) 455 6001 www.skagafjordur.is

From: Sigfús Ólafur Guðmundsson

Sent: mánudagur, 8. apríl 2024 10:23

To: Jón Þrándur Stefánsson <jon.stefansson@mar.is>

Subject: RE: Skagafjörður - Hofsós - Sauðarkrókur - Úthlutun byggðakvóta 2023/2024

Sæll Jón Þrándur,

Takk fyrir póstinn.

Sveitarfélagið hefur ekki í sínum sérreglum óskað eftir undanþágu frá vinnsluskyldu heldur einungis að finna breytingar á 6. grein reglugerðarinnar varðandi löndunarskylduna sem er svohljóðandi „Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta innan sveitarfélagsins“. Hvergi í tillögum sveitarfélagsins að sérreglum fyrir Skagafjörð fyrir fiskveiðiárið 2023-2024 er minnst á ofurkælingu eða óskað eftir undanþágu frá vinnsluskyldu. Jafnframt minnum við á uppfærðan rökstuðning varðandi 4. gr. laganna sem send voru ráðuneytinu þann 12. mars sl. og má finna hér í viðhengi.

kveðja



Skagafjörður
Sigfús Ólafur Guðmundsson
Verkefnastjóri í atvinnu-, menningar- og kynningarmálum
455-6170
sigfusolafur@skagafjordur.is

Ráðhúsinu 550 Sauðárkróki Sími: (+354) 455 6000 Fax: (+354) 455 6001 www.skagafjordur.is

From: Jón Þrándur Stefánsson <jon.stefansson@mar.is>
Sent: mánudagur, 8. apríl 2024 00:02
To: Sigfús Ólafur Guðmundsson <sigfusolafur@skagafjordur.is>
Subject: Skagafjörður - Hofsóð - Sauðarkrókur - Úthlutun byggðakvóta 2023/2024

Tilvísun í mál: MAR23110193

Sæll Sigfús,

Ráðuneytið hefur skoðað tillögur og rökstuðning sveitarstjórnar varðandi sérreglurnar. Jafnframt hafa verið skoðaðar athugasemdir sem borist hafa vegna tillagnanna. Við þessa skoðun hafa komið fram atriði sem þarfnast frekari skoðunar og þar má nefna að í athugasemdum við tillögur sveitarstjórnar frá Friðriki J. Arngrímssyni segir eftirfarandi:

„Rétt er að taka fram að öll skip sem umbjóðandi minn gerir út frá Sauðarkróki eru yfir 50 BT og að hann gerir ekki kröfur um að afli sem fyrirtækið kaupir til vinnslu á Sauðarkróki af þriðja aðila sé „ofurkældur“ eins og sveitarstjórn Skagafjarðar er kunnugt um.“

Af þessu verður því ekki annað ráðið en að mögulegt sé að landa afla til vinnslu innan sveitarfélagsins og því sé ekki grundvöllur til þess að víkja frá vinnsluskyldu í sveitarfélaginu. Sveitarfélaginu er því gefinn kostur á að koma með frekari rökstuðning vegna tillögu um breytingar á ákvæðum 6. gr. áður en ráðuneytið tekur afstöðu til tillagna sveitarstjórnar.

Með kveðju,
Jón Þrándur



Jón Þrándur Stefánsson, sérfræðingur / Special Advisor
Skrifstofa sjávarútvegs / Department of Fisheries
Matvælaráðuneyti / Ministry of Food, Agriculture and Fisheries
Borgartún 26, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 9700
www.mar.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing